

Hafnarfirði, 20. mars 2024

Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd)**Inngangur**

Í byrjun mars sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frumvarpsdrög dómsmálaráðherra um breytingar á útlendingalögum til umsagnar. UNICEF á Íslandi gerir athugasemdir við þau atriði frumvarpsins sem hafa áhrif á réttindi barna til að sameinast fjölskyldu sinni, í samræmi við 22. grein Barnasáttmálans, og hagsmuni barna sem skotið hafa rótum hér á landi.

Réttur barna til að sameinast fjölskyldu sinni

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að fólk sem fær viðbótarvernd eða mannúðarleyfi geti ekki sótt um fjölskyldusameiningu fyrr en eftir að dvalarleyfi hefur verið endurnýjað að tveimur árum liðnum. Tvær undantekningar eru á þeirri reglu, annars vegar fyrir fylgdarlaus börn og ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því vegna umönnunarsjónarmiða m.a. „ef viðkomandi á barn í heimaríki sem er í bráðri hættu, er þar án annars forsjáraðila eða á við alvarleg veikindi að stríða.“

Athugasemd:

Þegar mat er lagt á fjölskyldusameiningu þar sem börn eiga í hlut er nauðsynlegt að líta til 3. gr. Barnasáttmálans um bestu hagsmuni barns. Þá er kveðið á um rétt barns til að sameinast fjölskyldu sinni og rétt til þess að vera ekki aðskilið frá fjölskyldu sinni í 8. gr um persónuleg auðkenni, 9. gr. um tengsl við fjölskyldu og 10. gr. um tengsl við fjölskyldu í öðrum löndum. Samkvæmt 22 gr. Barnasáttmálans um börn á flótta ber sjórnvöldum að gera það sem í þeirra valdi stendur að sameina börn fjölskyldum sínum.

Samkvæmt frumvarpinu er aðeins litið til sanngirnisástæðna ef barn er í aðstæðum sem má segja að ógni lífi þess en ekki er kveðið á um að mat sé lagt á hagsmuni barns. Ríkar ástæður geta verið fyrir því að foreldri á flótta tekur barn eða börn sín ekki með sér. Flóttaleiðir eru hættulegar og lífsógnandi, sérstaklega fyrir börn. Það getur því verið barni fyrir bestu að sameinast foreldri sínu sem fyrst þrátt fyrir að barnið sé ekki í bráðri hættu, án forsjáraðila eða eigi við alvarleg veikindi að stríða. Tíminn frá því að foreldri leggur á flótta og þar til það fær dvalarleyfi í nýju landi er oftast langur í lífi barns og tveggja ára aðskilnaður til viðbótar óþarfur og jafnvel meiðandi fyrir tengsl barns og foreldris. Þá er það skýr skylda sjórnvalda að tryggja að börn geti sameinast foreldrum sínum.

UNICEF á Íslandi leggur til að frumvarpinu verði breytt og að þegar lagt er mat á fjölskyldusameiningu séu hagsmunir barns metnir í viðara samhengi og í ljósi réttinda barnsins í samræmi við Barnasáttmálann.

Lengd umsóknarferlis og réttur barna

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að umsóknir barna, sem hafa hlotið vernd í öðru ríki verða ekki teknar til efnismeðferðar ef barnið hefur sérstök tengsl við landið eða ef meira

en 10 mánuðir eru liðnir frá því að umsókn var lögð fram. Undantekning á þeirri reglur er ef ástand og aðstæður í móttökuríki eru þannig að það ógni lífi og frelsi umsækjanda.

Athugasemd:

Sú undantekning að ef barn hatði sérstök tengsl við landið eða ef barn hatði dvalið lengur en 10 mánuði í landinu þá fengi mál þess efnislega meðferð, var ekki sett af tilefnislausu. Tafir á málsmeðferð yfirvalda ollu því að þegar kom að syrjun og brottflutningi barna úr landi hötðu þau myndað sterk tengsl við nærsamtélag sitt, lært tungumálið og áttu jafnvel ekki minningar um annað en að búa hér á landi. 10 mánaða frestur til þess að gefa út ákvörðun í máli barna var nauðsynlegt taumhald á sjórnvöld til að tryggja mannúðlega meðferð á börnum á flótta. Ef það taumhald er ekki til staðar, þurfa sjórnvöld að tryggja með öðrum hætti að börn séu ekki send úr landi, jafnvel í verri aðstæður, eftir að hafa skotið rótum hér á landi. Slikt samræmist ekki ákvæðum Barnasáttmálans um að meta skuli hagsmuni barns og seija hagsmuni þess í forgang.

Við ofangreint má bæta við að við mat á aðstæðum í móttökuríki er nauðsynlegt að líta sérstaklega til réttinda barna og raunverulegs aðgengis þeirra að húsnæði, næringu, menntun, télagslegum stuðningi, barnavernd og öðru því sem þau eiga rétt á og tryggir rétt þeirra til lífs og þroska.

UNICEF á Íslandi leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem tryggir hagsmuni barna á flótta sem þurfa að þola langa málsmeðferð yfirvalda. Jafnframt er lagt til að sjórnvöld skýri sérstaklega með hvaða hætti mat er lagt á ástand og aðstæður í móttökuríki í jóni réttinda barna.

Lokaorð

Það vekur athygli og umhugsun við lestur frumvarpsins að ítrekað er vísað til mikillar fjölgunar umsókna um alþjóðlega vernd á síðustu árum og sú fjölgun gefin sem ástæða þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu. Raunveruleg ástæða fjölgunarinnar er þó ekki nefnd né sú staðreynd að breytingarnar sem lagðar eru fram í frumvarpinu hafa ekki áhrif á þá fjölgun.

Við lifum á viðsjárverðum tímum og vegna áhrifa loftslagsbreytinga og átaka í heiminum er ljóst að sá fjöldi barna og fjölskyldna sem neyðast til að flýja heimili sín mun síst fara minnkandi á komandi árum. UNICEF á Íslandi hvetur því stjórnvöld til að setja heildstæðari stefnu í málefnum fólks á flótta þar sem mannréttindi og mannúð eru í forgrunni.

Virðingarfyllst,



Birna Pórarinsdóttir
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi